

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1696

komudagur 26/4 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
hr. Vilhjálmur Egilsson,  
Alþingi við Austurvöll  
í Reykjavík.

Reykholti, 24ða apríl 1996.

Eg hefi áður ritað heiðraði þingnefnd yðar vegna frv. til laga um rjettindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem er til meðferðar hjá nefndinni. Í framhaldi af fundi þeim, er eg átti með nefndinni 22an apríl sl. vil eg bæta við erindi fyrri brjefa eftirfarandi athugasemdum:

Lúthersk kirkjuskipan byggir hvarvetna á Ágsborgarjátningunni. Þar er lögð áherzla á skil hins veraldlega og kirkjulega valds. Kennimenn eiga ekki að seilast til veraldlegra valda þó að þeir megi fara með slík völd í umboði yfirvanda, ef þurfa þykir. Hið veraldlega vald á heldur ekki að seilast til valda yfir kirkjusiðum, sem hafðir eru til þess að þjóna fagnaðarerindinu. Í §14 Ágsborgarjátningar er tilgreint, að enginn eigi að kenna í kirkjunni nje útdeila sacramentunum, nema hann sje rjettilega kallaður. Hin rjetta köllun telst til kirkjusiðanna og heyrir því undir svið hins andlega valds. Það virðist því álitamál, hvort það brjóti ekki gegn sáttmála þeim, sem gerður var á milli ríkis og kirkju á grundvelli játningarinnar þar, sem Lúthersk kirkjuskipan er í gildi, ef ríkisvaldið ákveður einhliða, að köllun sje því einungis rjett, aðhún sje til tiltekins tíma.

Köllun kennimanna til ákveðins tíma tíðkast varla í lútherskum kirkjum. Það kemur af því, að í guðfræði Lúthers kemur vald fagnaðarerindisins í stað páfavalds miðaldanna. Frelsi fagnaðarerindisins er í öndvegi. Kennimaðurinn þjónar undir vald fagnaðarerindisins og á að boða það, svo að það rekist á syndina í heiminum. Fagnaðarerindið felur í sjer dóm yfir syndinni og náð og frelsi til handa syndaranum. Í syndugum heimi hlýtur slíkt boðun að leiða til árekstra og því hlýtur kennimaðurinn að verða að vera við því búinn, að þeir rekist á hann, sem sviður undan syndinni á hverjum tíma. Þar sem prestar eru hjer kosnir til kalls, svo sem lengst af hefur tíðkast hjer í vorum sið, gengur það ekki, að efnt skuli til atkvæðagreiðslu um prestinn á nokkurra ára fresti. Það hlýtur að hamla frelsi hans til boðunarinnar og gegn því stendur öll guðfræði kirkju vorrar. Þarna yrði um atkvæðagreiðslu að ræða, en ekki endurmat tilsjónaraðila á hlutlægum forsendum, eins og tíðkast myndi í öðrum opinberum stofnunum. Eins og lesa má í meðfylgjandi yfirliti um fyrirkomulag á vali prests til embættis hefur það lengst af tíðkast hjer, að söfnuðurinn hefur átt hlut að því að kalla prest og frá 1915 hafa hjer verið prestskosningar. Biskupsvaldið hefur í litlu einu komið að þessu efni svo og önnur miðstýringartæki, nema þá helzt til þess að knýja á um, að eftir kirkjuskipaninni væri farið. Hið mikla sjálfstæði sóknanna og prestakalllnna, sem eru grunneiningar kirkjunnar, er því engin tilviljun og þá ekki heldur, að þessar einingar hafa alla tíð verið fjárhagslega sjálfstæðar. Biskuparnir hafa þá heldur ekki ráðið eignum kirkna, eins og um einhvers konar eignasamsteypu væri að ræða, heldur hafa þeir farið með tilsjón með þeim, til að tryggja, að þær varðveittust til þess, að þjónustan hjeldist uppi í viðkomandi sóknum og prestaköllum. Prestarnir eru vörzlumenn prestakallanna og prestssetrana. Þó þessar eignir hafi orðið hart úti á því tímabili yfirstandandi aldar, meðan ríkisvaldið hefur haft mjög frjálstan ráðstöfunarrjett á þeim gegn því að tryggja í staðinn prestunum laun um ríkissjóð, til að halda uppi þjónustu þeirra, þá eru þessar eignir prestakallanna þó enn grundvallar trygging þess, að söfnuðirnir njóti prestsþjónustu. Augljóst er af þessu, hvernig árekstrar presta út af hagsmunum, eins og til dæmis veiðiftaki eða beitarrjetti kirkju eða prestakalls, gætu haft á möguleika prests til að ná endurkjöri.

Eftir því, sem eg bezt veit, tíðkast æviráðning í lútherskum kirkjum hvarvetna, að minnsta kosti í þeim löndum, sem hafa svipaða sögu og menningu og hjer er. Að vísu tíðkast sums staðar annað fyrirkomulag, en er á Norðurlöndum þar, sem prestarnir eru hvarvetna skipaðir til þjónustu í tilteknum sóknum og prestaköllum. Víða í Þýskalandi eru prestar skipaðir til þjónustu í kirkjunni almennt og er það þá kirkjustjórnarinnar að vísa þeim til þjónustu í tiltekln prestakölli tímabundið, og flytja þá milli staða eftir þar til settum reglum. Vestan hafs er þess einnig gætt af ofangreindum kenningarástæðum að prestar hafi sem tryggastan umbúnað og ístöðu í embætti. Í seinni tíð hafa komið í ljós sameiginlegir hagsmunir presta og safnaða hjer í því efni, að gott væri að geta flutt presta milli prestakalla og hefur þetta nú verið til umræðu á Kirkjuþingi, prestastefnu og á leikmannastefnu nú nýverið. Þessar kirkjulegu stofnanir hljóta að móta kirkjusiðina að þessu leyti áður en Hið Háa Alþingi vill taka af skarið um svo róttæka breytingu, sem frv. felur í sjer, þar sem fimm ára ráðningin er.

Eins og ljóst er af framansögðu, er hjer einkum fjallað um sóknarpresta og embætti þeirra. Lög 62/1990 mæla skýrt fyrir um það, að prests- og predikunarþjónustunni skuli sinnt, svo sem jafnan hefur verið, á vegum sóknarprestsembættanna. Þar sem því verður ekki við komið, eru kallaðir aðstoðarprestar, þjónustunni til hjálpar. Því eru nú í landinu margir aðstoðarprestar bæði á stofnunum og eins í sóknum. Nær allir aðstoðarprestar eru ráðnir tímabundið, flestir til fjögurra ára. Ákvæði frv. um fimm ára ráðningartíma breytir því litu sem engu um stöðu þeirra.

Sje til þess vísað, sem röksemdar, að dæmi sjeu um gallaða eða ónýta presta, sem auðveldara verði að losa um eða endurnýja með breyttu fyrirkomulagi á skipan ráðningarmála, er þess að gæta, að þar er á ferð rökvilla. Það er verkefni kirkjustjórnarinnar að sjá til þess, að prestarnir haidi sig við embætti sín eftir kirkjulögunum. Tilsjónaraðilar kirkjustjórnarinnar hafa í kirkjulögunum og í hefðargildri stöðu sinni næg úrræði til þess, kjósi þessir aðilar að sínu leyti að sinna skyldum sínum í þessu efni. Hins vegar þóknaðist Hinu Háa Alþingi á sínum tíma að kasta í burtu þeim dóms- og úrskurðaraðilum kirkjunnar sjálfrar, sem henni voru nauðsynlegir til þess að tryggja óvilhalla meðferð ágreiningsmála, sem upp kunna að koma við framkvæmd agavalds kirkjustjórnarinnar. Úr þeim vanda skal ekki lítið gert.

Af framansögðu stendur einkum tvennt gegn því, að fimm ára ráðning sóknarpresta verði lögleidd:

Í fyrsta lagi gengur þetta fyrirkomulag gegn guðfræði kirkjunnar og þar með gegn allri grundvallarskipan, sem verið hefur. Það brýtur um leið alla hefð í samskiptum ríkis og kirkju, en kirkjan hefur kennt, að allir menn skuli hlýða ríkisvaldinu á meðan það setur sig ekki á móti frelsi fagnaðarerindisins.

Í öðru lagi er hið kirkjulega embætti sett í uppnám. Tímanlegu öryggi prestakallanna og prestsembættisins er stefnt í hættu, ekki sízt úti um landið þar sem iefar eigna prestakallanna enn tryggja prestsþjónustu með því að gera prestum lífvænlegt þar að vera og þjóna.

Eg tel ákvæði frv. um fimm ára ráðningartíma presta raska svo kirkjuskipaninni að kirkjulögunum að öðru leyti óbreyttum, að ekki verði við unað. Því iegg eg það til, að lögin verði ekki látin taka til sóknarprestsembættis þjóðkirkjunnar. Reynist ekki unnt að koma þeirri breytingu á frv. við, álit eg, að umsvifalaust þurfi að undirbúa löggjöf um breytt fyrirkomulag á sambandi ríkis og kirkju, svo unnt verði að tryggja kirkjunni þann umbúnað hins kirkjulega embættis, er tryggt geti frelsi boðunarinnar með tryggari hætti, en frv. gerir. Þau nýju kirkjulög yrðu þá að taka gildi um leið og ákvæðið um fimm ára ráðningartímann tækju gildi í kirkjunni, ef ekki yrði gerður sá aðskilnaður ríkis og kirkju í nýrri löggjöf, sem tryggði kirkjunni fullkomið frelsi boðunarinnar, að því, er tekur til ofangreinds máls.

Virðingarfyllt.  


## Um köllun presta til embættis.

Enn á ný er komin upp umræða um „ráðningarform“ prestsembættanna, að þessu sinni undir eindregnum áhrifum af deilum í söfnuði í kirkjunni í Reykjavík. Vekur nokkra furðu, hversu lítinn keim umræðan ber af kirkjulegum sjónarmiðum. Því leyfi eg mjer að fara fáeinum orðum um þann hátt, sem hafður hefur verið á í þessu efni og vona, að einhverjir geti haft gagn að því.

Forðum var það svo, að biskupar veittu prestsembættin, en fóru í því efni mjög eftir tillögum safnaða og presta. Með þroska ljensveldisins varð það algengt, að höfðingjar reistu kirkjur á höfuðbólum sínum og kostuðu presta til að þjóna þeim. Allar kirkjur hjerlendis, sem stofnað var til í öndverðri kristni, eru með þessum hætti til komnar. Höfðu kirkju eigendur sjálfir vald á þessum embættum (ius patronatus) sbr. ákvæði Grágásar:

„Pat er manne rétt. at lata læra prestling. til kirkju sinnar. hann scal gera maldaga við sveininn sialfan ef hann er xvi vetra. enn ef hann er yngri þa scal hann gera við lograpanda hans. Sa maldagi a at haldaz allr. er þeir gera með ser.“-

Með tímanum þróaðist þessi háttur til þess vegar, að verndarmaðurinn, i.e. sá, er veitingarrjettinn hafði haft með þessu móti, gerði tillögur til biskups um nokkra menn, er hæfir þóktu og valdi biskup þann úr, er embættið hlaut. Væri einn til nefndur, var biskup við hann bundinn, væri hann hæfur. Verndarmannsrjetturinn gekk stundum í erfðir. Er nágrannar höfðingja, er einkakirkju hjelt, tóku að kaupa prestsþjónustu hjá heimilispresti hans mynduðust oft kirkjusóknir, sem enn haldast. Þannig var um flestar bændakirkjur á Íslandi. Til gamans má geta þess, að aukaverkagreiðslurnar til presta fyrir prestsverk, sem prestastjettin dragnast enn með hjer, eru leifar frá lögkjörum prestanna frá þessari tíð. Þó einkakirkjan yrði með tímanum sóknarkirkja, er sóknarmenn svöruðu til öllum skyldum, hjelzt verndarmannsrjetturinn oft í ætt höfðingjans, er í öndverðu stofnaði til kirkju. Með Ögvaldsnessáttmála eða Túnsbergssamkomulagi herra Árna og Eiríks prestahatara 1297 náðu biskupar veitingavaldinu yfir ljensbrauðunum. Þó veittu erkibiskupar í Niðarósi oft hin beztu þeirra. Hitt hjelzt óbreytt, að bændur skyldu sjálfir fá presta að kirkjum sínum.

II Siðbótarmennirnir gerðu ráð fyrir því, að söfnuðirnir kölluðu sjer presta sína sjálfir. Í samræmi við aldarhátt þeirrar tíðar var ráð fyrir því gert, að „beztu menn“ safnaðarins veldu prestinn eða prestsefnið. Þessu má alls ekki rugla saman við kosningu í nútíma-merkingu þess orðs. Þannig er það til dæmis alveg ljóst, að lýðræðishugmyndir nútímans eru víðs fjarri hugmyndum þeirra í þessu efni: Lýðræðislegt val um þá, sem til greina komu að embætti, var óhugsandi. Enginn efaðist um að kirkjuleg viðhorf rjeðu fyrir hjá þeim. Reyndar lögðu siðbótarmennirnir allt upp úr því, að prestsefni væri prófað að kunnáttu og siðferði. Stæðist viðkomandi slíkt próf kom að vígslu til hins almenna prests- og predikunarembættis.

Próf og vígsla eru og hafa ávallt verið forsenda embættisgengis í kirkju vorri. Þó prestar sjeu kallaðir til þjónustu í landfræðilega afmörkuðum sóknnum og prestaköllum þá nær köllun þeirra til prestsembættisins til kirkjunnar allrar, enda eru prestar ekki vígðir aftur, þótt þeir skipti um prestakall. Maður, sem hefur verið prófaður og vígður er fullgildur til hvaða prestsembættis eða prestakalls, sem er. Þeir geta því gert vart við sig við hvaða söfnuð, sem er, og boðið fram þjónustu sína.

Biskuparnir hafa ávallt verið aðilar að köllun presta hjer. Þeim ber að prófa prestsefni að kunnáttu og siðferði og vígja síðan. Biskupinn afhendir prestinum prests-

og predikunarembættið í umboði allsherjarkirkjunnar og lítur til með honum síðan, hvar sem hann er í sóknum, eins og hann lítur til með kirkjunni allri í biskupsdæmi sínu og er leiðtogi hennar fyrst og fremst með því, að hann er henni ráðgefandi og nærverandi í tilsjón sinni.

Samkvæmt fyrirmælum kirkjuordinantiu Kristjáns III, sem gilt hefur í Skálholtsstipti frá 1541, skyldi það vera grundvalarregla, að biskupar hefðu ekki veitingavald ( ius patronatus ) prestsembættu, svo sem verið hafði á undangenginni tíð. Þegar prest vantaði til kirkju áttu helztu menn safnaðar með ráði prófests að velja mann, sem þeir teldu hæfan til prestsembættisins, og rita með honum til biskups, en biskup skyldi reyna hann í lærdómi. Fjellist biskup á tilnefninguna skyldi konungsins ljensmaður fá honum veitingarbrjef. Undan voru skilin embætti við kirkjur undir forræði verndarmanna, sem höfðu fornan rjett til að velja prest sjálfir að kirkju sinni.

Þrátt fyrir þetta hjeldu biskupar áfram að velja presta og ljét konungur það afskiptalaust allt til 1563, er hann krafðist þess að farið væri að kirkjuskipaninni. Síðan var yfirleitt eftir henni farið, en föst skipan kemst á í Skálholtsstipti með prestastefnusamþykkt þeirri, er herra Brynjólfur Sveinsson fjekk viðtekna 1639. Presta skyldi velja samkvæmt forskrift Kirkjuordinantiu Kristjáns IV hinni norsku, er lögtekin var hjer með tilskipun 29da nóvember 1622. Söfnuður skyldi samkvæmt henni velja sjö menn, sem síðan áttu að kjósa sóknarprest og senda fyrir biskup. Að öðru leyti eru svipuð fyrirmæli og í Kirkjuskipan Kristjáns III, en nokkuð fyllri. Jón Halldórsson segir, að þessi háttur hafi lagzt niður í Skálholtsstipti eftir að Müller amtmaður kom hingað út árið 1688.

Föst regla komst á aftur með konungsbrjeum frá 10da maí 1737 og 29da janúar 1740. Samkvæmt síðara brjefinu voru prestaköll þrenns konar: Brauð er gáfu 100 dala tekjur og þaðan af meira á ári veitti konungur. Amtmaður veitti brauð er gáfu milli 40 og 100 dali að fenginni tillögu biskups, en konungur staðfesti. Ekki þurfti konungs staðfestingu á veitingu lökustu brauðanna.

Með tilskipun konungs 15da dec. 1865 var ákveðið, að aðalbrauðin, er hefðu 700 rd. tekjur og þar yfir burtgæfi konungur sjálfur. Betri meðalbrauð með 500 til 700 rd. tekjur og lakari meðalbrauð með 300 til 500 rd. tekjur veittu stiptyfirvöldin upp á væntanlegt samþykki konungs, en fátækustu brauðin veittu stiptyfirvöldin án konunglegrar staðfestingar.

Eftir auglýsingu konungs 3ja oct. 1884, átti landshöfðingi að veita öll þau brauð, sem eftir brauðamati því, er við veitinguna væri í gildi, hefðu tekjur, er minnu næmi en 1800 kr.

III Lög frá 8da janúar 1886 veittu söfnuðinum rjett til þess, að taka þátt í veitingu brauðs. Eftir §2 laganna skyldi landshöfðingi að lokinni auglýsingu og umsóknarfresti, velja með ráði biskups 3 af umsækjendum, væru þeir fleiri, sem svo söfnuðurinn kaus um. Sæktu einungis þrír, valdi landshöfðingi tvo handa söfnuðinum að kjósa á milli.

Lög 32 frá 3ja nóvember 1915 leystu þessi ákvæði af hólmi með almennum prestskosningum. Sú löggjöf grundvallaðist á almennum lýðræðis- og fjelagsviðhorfum þeirrar tíðar og á því fátt eitt skylt við sjónarmið siðbótarmannanna, sem um er getið hjer í öndverðu.

Núgildandi lög um prestskosningar no 44/1987 bera þess glögg merki að vera málamiðlun milli viðhorfa þeirra, sem vildu afnema hinar almennu prestskosningar og hinna, sem vildu veitingavaldið á alla grein til kirkjustjórnarinnar. Það er reginmisskilningur að lögin hafi á nokkurn hátt afnumið prestskosningar. Þau koma hins vegar mjög til móts við þá, sem höfðu gagnrýnt hinar almennu prestskosningar með því að halda á lofti augljósum göllum þeirrar aðferðar: Kostnaði, leiðindum, flokkadráttum og margháttuðum eftirmálum. Meginreglan skyldi nú vera sú, að kjörmenn veldu úr hópi

umsækjenda þann, er gegna skyldi viðkomandi kalli. Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra. Eg hefi talið að með þessu ráði væri horfið hið næsta að því fyrirkomulagi, sem siðbótarmennirnir lögðu til, því sóknarnefndafólk gegnir í vissum skilningi kirkjulegri köllun, þó á borgaralegri forsendu sje. Mikill galli er á lögunum frá sjónarhóli presta að því leyti, að prestar njóta ekki þjónustualdurs, viðbótarmenntunar eða nokkurs annars þess, er menn bæta um fyrir sjer með almennt, alls staðar annars staðar, er þeir bjóða fram starfskrafta sína og hæfileika. Kjörmenn eru allsendis óbundnir í öllum skilningi og geta látið hvaða viðhorf, sem þeir sjálfir kjósa, ráða gerðum sínum í leynilegri kosningu. Í því efni er komið víðs fjarri viðhorfum siðbótarmannanna.

Núgildandi lög gera ráð fyrir því, að unnt sje að efna til almennra prestskosninga krefjist 25% atkvæðisbærra sóknarmanna þess. Þessi heimild laganna lýsir því bezt, að prestskosningar eru engan veginn aflagðar með þeim. Þarna ráða almenn fjelags- og lýðræðisviðhorf samtíðarinnar. Eg hefi verið andvígur þessari aðferð, en undrast það hvorki nje fordæmi, þótt til hennar sje gripið þar, sem lögin heimila hana. Eg geri hins vegar þá kröfu, að henni sje varlega beitt og aldrei að geðþótta. Hún er og á að vera annar valkostur, en ekki meginregla. Því tel eg það koma til greina að þrengja þennan kost, t.d. með því, að fullur þriðjungur eða jafnvel helfningur atkvæðisbærra sóknarmanna þurfi að koma til með kröfu um almennar kosningar.

Þriðja aðferðin, sem lögin nefna „köllun“, er þriðji valkostur, sem ætlað er að beitt sje vegna sjerstakra aðstæðna. Það má ekki villa um fyrir mönnum, að þessi kostur er nefndur í fyrstu grein laganna. Það eitt gerir hann ekki að meginreglu. Það er ljóst af greinargerðinni, sem fylgdi frumvarpi laganna á sínum tíma, að til þessarar aðferðar yrði gripið þar, sem sjerstakar aðstæður kölluðu eftir afbrigðum frá meginreglunni, sem er kjörmannavalið. Þannig hefur henni líka verið beitt í seinni tíð með undantekningu þó. Lögin eru hins vegar ekki nógu skýr um það, hvenær má til hennar taka og því hefur henni verið misbeitt. Þess vegna tel eg að kasta beri þessari aðferð með öllu, nema ef til vill í því tilfelli, að enginn hafi sókt um auglýst prestakall. Eg áfít, að gæta beri þess umfram allt, að lögbundið sje, að öll störf þar, sem kallaðir eru til prestar og guðfræðingar á grundvelli prófs og vígslu verði opinberlega auglýst laus til umsóknar.

Eg legg til, að falli atkvæði jöfn á kjörfundi, skuli hlutkesti ráða. Fallizt gæti eg á, að einungis aðalmenn í sóknarnefndum sjeu kjörmenn.

Sjálfur er eg ekki reiðubúinn til þess að hlaupa með öllu frá því meginsjónarmiði siðbótarmannanna, að presturinn skuli kallaður af söfnuðinum. Þar til bærir aðilar á hans vegum gangast undir þá ábyrgð að velja hann úr hópi þeirra, sem bjóða sig fram. Vissulega getur slíkur aðili verið biskupinn. Varlega verður þó að fara í rökstuðningi fyrir því, að svo skuli vera. Því er það mín skoðun enn um þessar mundir, að núverandi skipan, kjörmannakosningu, skuli halda í meginráttum.

Eg treysti Alþingi Íslendinga til þess, að lagfæra prestskosningalögin nú, þegar það verkefni er borið fyrir þingið, án þess, að hrapað verði að ráði nokkurra þingmanna, sem haft hafa á orði, að til greina kæmi að setja prestsembættin undir sóknarnefndirnar fjárhagslega og einnig hvað varðar „ráðningu“ í þau. Hið fyrra kemur ekki til greina. Vísa eg um rök til greinar minnar í Morgunblaðinu á Kyndilmessu. Hið síðara fæli í sjer þvílíkt fráfall frá embættisskilningi þeirrar kirkju, sem fer með postullegt umboð og þar með Lútherskrar kirkju, að því yrði aldrei unað að mínu viti.

Grein þessi er hluti af athugasæmd, sem lögð var fram í nefnd þeirri, er Þorsteinn Pálsson kirkjumálaráðherra skipaði á sumri 1995 til að endurskoða lög 44/1987 um veitingu prestakalla.

Reykholti, á Kyndilmessu 1996.